

Ed.

334. Nefndarátt

í málinu: Tillaga til þingsályktunar um fjárheimtur fyrir landssjóðinn og sjerstaka tollgæslu.

Nefndin hefir átt 9 fundi um mál þetta, og leitað sjer upplýsinga um ýms atriði, er að því lúta, en hefir þó hvergi nærri getað rannsakað það og athugað, eins og þörf hefði verið á.

Það var tekið fram í umræðunum um mál þetta í deildinni, hve óregla og vanskil í opinberum reikningsskilum og fjárheimtum hefði farið í vöxt á undanfarandi árum. Þetta dylst nefndinni ekki. Af þessari óreglu og vanskilum hefir bæði landssjóður og einstakir menn orðið fyrir tilfinnanlegu fjártjóni. En af þessu leiðir einnig, að embættismannastjettin glatar því trausti og virðingu, sem hún á að hafa hjá þjóðinni, og nær það ekki einungis til þeirra embættismanna, sem óskilunum og tjóninu valda, heldur og til landsstjórnarinnar, sem eftirlitið hefir með embættisfærslu þeirra.

Bæði landsstjórninni og löggjafarvaldinu hlýtur því að vera það áhugamál, að fá stemt stigu fyrir því, að þessi misferli aukist. Annars má ekki á milli sjá, hvilikt fjárhagslegt tjón landssjóður geti beðið af þessu, auk virðingarnekkisins fyrir embættismannastjettina.

Að þessu leyti hlýtur öllum góðum mönnum, að vera þetta hið mesta áhyggjuefni.

Tillaga þessi skiftist í tvo liði, annan um aukið eftirlit með gjaldheimtum mönnum landssjóðsins, og hinn um sjerstaka tollgæslu í öllum kaupstöðum landsins.

Gildandi lög um gjaldheimtur fyrir landssjóðinn og eftirlit með þeim, eru reglugjörð um opinber reikningsskil og heimtingu opinberra gjalda á Íslandi 13. febr. 1873, reglugjörð 25. maí 1878 um aukatekjur, auk landshöfðingjaprjefs 16. maí 1876 og margra annara stjórnarbrjefa frá landshöfðingjatímabilinu.

Nefndin taldi það sitt fyrsta verk, að komast eftir, hvernig sýslumenn og bæjarfógetar yfirleitt fylgdu þessum fyrirmælum, og hvernig eftirlitinu frá landsstjórnarinnar hálfu væri varið.

Á fyrsta fundi nefndarinnar var því ákveðið, að senda stjórnarráðinu eftirfylgjandi fyrirspurnir:

1. Hvort allir eða hve margir sýslumenn og bæjarfógetar landsins haldi bækur þær, sem þeim ber að halda samkvæmt reglugjörð 13. febr. 1873 og 25. maí 1878 og öðrum gildandi fyrirmælum, og hvort þeir sendu á tilteknum tíma þau eftirrit af þessum bókum, sem fyrir er mælt?
2. Hvenær stjórnarráðinu hafi borist ársreikningar sýslumanna og bæjarfógeta síðastliðið reikningsár, og hvort þeir hafi að fullu verið borgaðir, og ef svo var ekki, þá af hvaða ástæðum?
3. Hvort hálfis missiris endurrit af gjaldabókunum, er reglugjörðin 13. febrúar 1873 mælir fyrir um, eru komin til stjórnarráðsins fyrir þann tíma, sem liðinn er af þessu ári?
4. Hvort stjórnarráðinu er kunnugt um, að sýslumenn og bæjarfógetar fylgi þeim fyrirmælum reglugjörðarinnar, að halda öllu opinberu og einstakra manna fje, sem er í vörslum þeirra á hverjum tíma út af fyrir sig og eigi saman við það fje, er þeir sjálfir eiga?
5. Hvort eftirlitsferðir stjórnarráðsins eru að eins farnar, er því þykir grunsamt um einhverja óreglu á reikningsfærslu og gjaldheimtu sýslumanna, bæjarfógeta og þjóðjarða-umboðsmanna, eða oftar, og þá, eftir hvaða reglum?

Stjórnarráðið svaraði þessum spurningum með brjefi dagsettu 20. f. m. og brjefi landritara dagsettu 25. s. m. (Flgskj. II—III).

Af brjefum þessum kemur það berlega í ljós, að allmikið skortir á, að sýslumenn og bæjarfógetar fylgi gildandi fyrirmælum um opinber reikningsskil. Sumir þeirra halda ekki hinar fyrirskipuðu bækur; að eins fimm þeirra sendu hin fyrirskipuðu eftirrit af gjaldabókum sínum, og mikill misbrestur er á því, að þeir geri reikningsskil á lögmæltum tíma. (Flgskj. II).

Innheimta sýslumanna og bæjarfógeta fyrir landssjóðinn hefir stórum aukist hin síðari ár; valda því hinir auknu innflutningstollar og þá, ekki sist vörutollurinn nú síðast. Gjaldheimtan hefir því ár frá ári orðið margbrotnari og vandameiri. Eðlilegasta afleiðingin af því hefði auðvitað átt að vera sú, að eftirlitið hefði vaxið að sama skapi.

Samkvæmt flgskj. II hefir innheimtan tuttugu-faldast síðan 1875, og er vöxturinn mestur síðustu 10 árin. Nú er því miklu meira í húfi fyrir landssjóðinn, að innheimtan og öll reikningsskil sýslumanna og bæjarfógeta sjeu í góðri reglu en áður, meðan um svo miklu minna fje var að ræða í vörslum þessara embættismanna. En þrátt fyrir þetta kveður stjórnarráðið svo að orði (Flgskj. II), að *stórum hafi dregið úr eftirlitinu.*

Því miður verður nefndin að álita, að þessi ummæli sjeu á ofmiklum

rökum byggð. Áður höfðu tveir amtmenn ásamt landshöfðingja og hinum umboðslega endurskoðara eftirlitið með höndum, og voru eftirlitsferðir amtmanna og landshöfðingja þá töluvert tíðari en nú í seinni tíð eða síðan stjórnarbreytingin varð. Að visu hefir skrifstofu eftirlit stjórnarráðsins orðið auðveldara síðan síminn var lagður, að því leyti, að hægra er að reka eftir gjaldheimtumönnum með reikningsskil, en það eftirlit hlýtur þó jafnan að vera næsta ófullkomið.

Síðan stjórnarráðið var stofnað, hefir því ekki unnist tími til, að gera reglulegar eftirlitsferðir hjá öllum sýslumönnum landsins, auk heldur að árleg skoðun hafi farið fram hjá þeim. Þetta sjest af brjefi landritara (Flgskj. III). Hjá sýslumönnum í Skaftafells-, Gullbringu- og Kjósarsýslum sjest ekki, að skoðað hafi verið á þessu tímabili.

Raddir hafa heyrst um það, að þessar eftirlitsferðir væru fremur þýðingarlitlar og mættu því enda missa sig. Nefndin er á öðru máli um þetta. Hún telur nægilegt eftirlit með embættisfærslu sýslumanna og bæjarfógeta í þessu efni lítt framkvæmanlegt án alltiðra skoðana á öllum embættisbókum þeirra og reikningsfærslu. En sju bækurnar vel og reglulega færðar, telur nefndin það ekki muni kosta mikinn tíma nje fyrirhöfn að rannsaka þær, eins og líka það hlýtur fljótt að koma í ljós við nákvæma skoðun, ef mikil brögð eru að óreglu í þessu efni, og er stjórninni þá innanhandar að bæta úr því.

Bæði í brjefi stjórnarráðsins og landritara er eftirlitsferðaleyfið afsakað með því, að bæði sje fje veitt til þeirra af skornum skamti og endurskoðunarmenn landsreikninganna telji það jafnan eftir. Hvorttveggja þetta getur stafað af því, hve litla trú menn hafa á gagni þessara eftirlitsferða, eins og þær stundum hafa verið framkvæmdar.

Nefndin álitur, að alls ekki sje horfandi í töluvert hærri fjárveiting til þessara ferða en nú er heimiluð, sje eftirlitið framkvæmt með röksemd og vandvirkni, og það telur hún ekki vel farið, að eftirlitsferðir stjórnarráðsins sjeu látnar sitja á hakanum fyrir eftirlitsferðum biskups og landlæknis (Flgskj. II. og III.).

Nefndin telur tíðar og reglulegar eftirlitsferðir svo mikið aðhald fyrir embættismenn, þá sem hjer eiga hlut að máli, að sjálfsagt sje að auka þær töluvert frá því, sem nú er; telur hún, að þær megi ekki vera strjalli en svo, að skoðað sje hjá öllum sýslumönnum og bæjarfógetum að minsta kosti einu sinni á hverjum þremur árum, og oftar, ef sjerstök þörf gerist; má ætla, að til þess sjeu nægir starfskraftar í stjórnarráðinu.

Reglugerðin frá 13. febr. 1873 um opinber reikningsskil var ágætlega samín á sínum tíma, og þrátt fyrir það, þótt sum ákvæði hennar eigi nú ekki við og sum ákvæði vanti í hana, sem nú eru nauðsynleg, vegna hinnar stórkostlegu breytingar, sem orðið hefir hin síðari ár í þessu efni, má fullyrða, að hún hefir ekkert verið því til fyrirstöðu, að eftirlitið væri í alla staði viðunanlegt, enda skiftir það jafnan eins miklu eða meiru, hvernig á lögunum er haldið en því, hvernig lögin eru. Samt sem áður telur nefndin endurskoðun reglugerðarinnar tímabæra, enda er hún nú á döfinni hjá stjórnarráðinu og hefir nefndin átt kost á að kynna sjer frumvarpið. Viðurlög gömlu reglugerðarinnar við vanrækslu og óreiðum gjaldheimtumanna telur nefndin edlileg og sanngjörn og væntir þess, að ekkert verði úr þeim dregið.

Að því er kemur til síðara atriðis tillögunnar, tollgæslunnar, var nefndin í töluverðum vafa um, hvað gera skyldi. Hún leitaði upplýsinga hjá stjórnarráðinu um, hve innheimtulaun af tolltekjum landssjóðs hefði numið mikilli fjárupphæð síðastliðið ár. Samkvæmt brjefi stjórnarráðsins (Flgskj. I a—b) voru innheimtulaunin það ár liðug 31 þúsund krónur; þar af koma 9721 kr. á Reykjavík, 2683 kr. á Ísafjörð og Ísafjarðarsýslu, 5683 kr. á Akureyri og Eyjafjarðarsýslu, 1595 kr. á Seyðisfjörð og Norður-Múlasýslu og 1594 kr. á Hafnarfjörð og Gullbringu- og Kjósarsýslu. Í öllum kaupstöðunum, nema Reykjavík, eru innheimtugjaldsupphæðirnar að miklum mun af útfluttum og innfluttum vörum í öðrum kaupsýslum í lögsagnarumdæmum hlutaðeigandi sýslumanna og bæjarfógeta; í Reykjavík einni er öll innheimtugjaldsupphæðin af vörum, sem þangað og þaðan flytjast.

Nefndinni duldist ekki, að meira fje þyrfti til sjerstakrar tollgæslu í kaupstöðunum, að Reykjavík undanskilinni, en nemur innheimtulaunum í þeim, en fram úr þeirri upphæð vildi nefndin ekki fara, og vill því ekki ráða til neinna breytinga þar í þessu efni.

Um Reykjavík er nokkuð öðru máli að gegna. Þangað og þaðan flytst alt að þriðjungi af öllum tollskyldum vörum.

Nefndin telur, að mikið megi bæta úr tolleftirlitinu í Reykjavík, þótt ekki sje varið til þess meiru fje en innheimtulaununum þar nemur. Þau ættu að duga til að launa þremur tollgæslumönnum allsæmilega og auk þess til nokkurs skrifstofukostnaðar. Með slikri tollgæslu fengist ólíkt meiri trygging fyrir því, að öll kurl kæmi til grafar í þessum aðalkaupstað landsins, heldur en nú er. Auk þess fengist nokkur reynsla fyrir því, hvort tiltækilegt væri að færa út kviarnar síðar meir.

Meiri hluti nefndarinnar telur því rjett, að næsta Alþingi lögskipi sjerstaka tollgæslu í Reykjavík. Einn nefndarmanna, Júlíus Havsteen, er þó ósamþykkur nefndinni um þetta atriði; vill láta ein lög ganga yfir alt landið um þetta.

Með tolleftirliti sýslumanna og bæjarfógeta, sem eru hlaðnir öðrum störfum, fæst alls ekki næg trygging fyrir því, að landsjóður fái hinar lögmaeltu tolltekjur sínar. Tollarnir eru fyrir löngu orðin aðaltekjugrein landssjóðsins; því er áriðandi, að þessar tekjur komi til skila. Misbrestur á því, getur kostað landið of fjár. Fyrir því er full ástæða til þess, að fara að rannsaka það nákvæmlega, hvort ekki sje gerandi, að auka tolleftirlitið að miklum mun og á hvern hátt það megi gera. En hjer er um það vandamál að ræða, að naumast getur komið til mála, að þingið geti leyst það af hendi án rækilegs undirbúnings af hálfu stjórnarinnar eða jafnvel millipinganeftdar, er þá jafnframt ætti að athuga, hvort eftirlitinu, bæði með sýslumönnum og bæjarfógetum og öðrum starfsmönnum þjóðfelagsins, er hafa fje landsins með höndum, yrði ekki komið fyrir á tryggari hátt en nú er. Eins og nú horfir við, vill nefndin þó ekki leggja það til, heldur að stjórnin taki tollgæslumálið til rækilegrar athugunar og rannsóknar til undirbúnings undir meðferð þingsins á sínum tíma.

Í 7. gr. póstlaganna 11. júlí 1911 er svo fyrirskipað, að hver sá maður, sem fær böggulsending með pósti frá útlöndum, láti í tje drengskapar- og samviskuvottorð um, hvort sendingin hafi inni að halda tollskyldar vörur.

Það tíðkast nú orðið mjög, að bæði kaupmenn og aðrir fái á þennan hátt vörur frá útlöndum, og með því að nefndinni var ekki grunlaust um, að nokkur misbrestur kynni að vera á því, að þessum fyrirmælum póstaganna væri fylgt, spurðist hún fyrir um það hjá póstmeistara, og jafnframt, hvort ekki myndi tiltækilegt, að veita póststjórninni heimild til að opna grunsamar böggulsendingar um leið og þær væru afhentar.

Af svari póstmeistara (Flgskj. IV.) sjest ekki glögglega, hvort fyrirmælum póstaganna sje alstaðar nákvæmlega fylgt í þessu efni, en hins vegar telur hann það vel gerlegt, að póstmönnum sje veitt heimild til að rannsaka grunsamar böggulsendingar.

Nefndin telur æskilegt, að þessi heimild sje veitt; muni það verða töluvert meira aðhald fyrir menn, að segja rjett til um innihald sendinganna, heldur en vottorðin ein.

Af framanrituðum ástæðum leyfir nefndin sjer að ráða háttv. deild til að samþykkja eftirfylgjandi:

TILLÖGU

til þingsályktunar um opinber reikningsskil og gjaldheimtur og aukið tollestirlit.

Efri deild Aldingis ályktar að skora á landsstjórnina:

- I. a. að hraða endurskoðun reglugjörðarinnar frá 13. febrúar 1873,
 - b. að draga ekkert úr gildandi ákvæðum gagnvart vanrækslu og óreglu gjaldheimtumanna landssjóðsins,
 - c. að gera eftirlitsferðir hjá öllum gjaldheimtumönnum landssjóðsins að minsta kosti einu sinni á hverjum þremur árum, og oftár, ef sjerstakar ástæður eru til.
- II. a. að leggja fyrir næsta Alþingi frumvarp til laga, um sjerstaka tollgæslu í Reykjavík,
 - b. að leggja fyrir næsta Alþingi frumvarp til laga, er veiti póstmönnum heimild til að rannsaka grunsamar böggulsendingar frá útlöndum um leið og þær eru afhentar,
 - c. að rannsaka, hve mikið muni kosta að setja á fót sjerstaka tollgæslu á öllu landinu, og leggja skýrslu um það fyrir Alþingi.

Alþingi 3. ágúst 1914.

Jósef J. Björnsson,
formaður.

Sigurður Stefánsson,
skrifari og framsögumaður.

J. Havsteen,
með fyrirvara.

Magnús Pjetursson. Björn Þorláksson.

Fylgiskjal I. a.

STJÓRNARRÁÐ ÍSLANDS.

Reykjavík, 18. júlí 1914.

Hin háttvirta nefnd efri deildar, sem kosin var til að athuga tillögu til þingsályktunar um fjárheimtur og reikningsskil, hefir með brjefi dagsettu í gær óskað að fá sundurliðaða skýrslu, um hve mikilli fjárupphæð innheimtulaun sýslumanna af aðflutningsgjaldi, útflutningsgjaldi og vörutolli hafi numið úr hverju lögsagnarumdæmi landsins síðast liðið ár.

Hin umbeðna skýrsla fylgir hjer innan í, og sýnir að öll þessi innheimtulaun nema 1913 eigi nema liðugu 31 þúsundi króna. Þess má geta að fremur eru líkur til að innheimtulaun af útflutningsgjaldinu lækki, þegar hvalafurðir falla burtu, og að aðflutningsgjald af vörutolli verði minna framvegis, vegna breytinganna, sem gjörðar voru á vörutollslögnum á síðasta þingi.

F. h. r.

e. u.

Indriði Einarsson.

Til

hr. alþingismanns, sjera Sigurðar Stefánssonar.

Fylgiskjal I b.

Innheimtulaun

af

aðflutningsgjaldi, útflutningsgjaldi og vörutolli 1913.

	Aðflutningsgjald 2% kr.	Útflutningsgjald 2% kr.	Vöru- tollur 3 % kr.
1. Reykjavík	4820,15	305,82	4595,23
2. Gullbr.- og Kjósars. og Hafnarfjörður . .	706,00	143,19	645,62
3. Árnessýsla	661,75	10,14	310,64
4. Rangárvallasýsla	»	»	»
5. Skaptafellsýsla	351,63	0,03	105,86
6. Vestmannaeyjasýsla	597,49	69,15	485,44
7. Mýra- og Borgarfjarðarsýsla	465,96	2,34	165,47
8. Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla	656,80	16,72	200,63
9. Dalasýsla	58,30	»	14,85
10. Barðastrandarsýsla	547,28	45,53	225,94
11. Ísafjarðarsýsla og Ísafjörður	1612,56	237,24	795,94
12. Strandasýsla	281,78	8,56	96,24
13. Húnavatnssýsla	560,38	273,10	180,34
14. Skagafjarðarsýsla	606,29	4,56	200,90
15. Eyjafjarðarsýsla og Akureyri	1707,58	2160,97	1815,34
16. Þingeyjarsýsla	609,15	172,56	263,04
17. Norður-Múlasýsla og Seyðisfjörður	755,46	108,07	731,60
18. Suður-Múlasýsla	1146,36	205,85	627,79
Samtals kr.	16144,92	3763,83	11460,87

Fjármálaskrifstofu stjórnarráðsins,

18. júlí 1914.

Indr. Einarsson.

Fylgiskjal II.

STJÓRNARRÁÐ ÍSLANDS.

Reykjavík 20. júlí 1914.

Hin háttvirta nefnd efri deildar, sem skipuð er til að athuga tillögu til þingsályktunar um reikningsskil, hefir sent stjórnarráðinu 3 fyrirspurnir með brjefi dagsettu 17. þ. m.

1. Fyrsta fyrirspurnin er, hvort allir sýslumenn og bæjarfógetar haldi bækur þær, sem fyrirskipaðar eru í reglugerð 13. febr. 1873 og síðari ákvörðunum. Fullt svar upp á þessa fyrirspurn er ekki unt að gefa; svo mikið er víst, að hafi það komið í ljós við eftirlit hjá sýslumönnum, að einhverja fyrirskipaða bók vantar, eða hún ekki verið færð eins og vera þarf, þá hefir hlutaðeigandi þegar fengið skipun um að leiðrjetta það. Annars er landritara kunnugra um þetta mál en öðrum, en hann er fjarverandi að sinni. Fimm sýslumenn og bæjarfógetar senda eftirrit af bókum hingað, aðrir yfir höfuð ekki, en stjórnarráðið hefir síðustu árin heimtað skýrslur um innheimturnar á miðju ári, og í ár eftir fyrsta ársfjórðunginn, þar sem þess hefir þótt þurfa, og krafist greiðslu á þeim.

2. Innheimtur sýslumanna og bæjarfógeta hafa vaxið stórlega frá því landið fjekk löggjafarþing. 1875 voru allar tekjurnar, sem sýslumenn innheimtu fyrir landssjóð, einar 86,400 kr. á ári. Sýslumennirnir voru þá 18, reikningarnir 59, eftirlitið framkvæmt af 2 amtmönnum, landshöfðingja og einum manni sem endurskoðaði reikningana. 1913 voru tekjurnar, sem sýslumenn innheimtu fyrir landssjóðinn, 1,678,700 kr., reikningarnir sem þeir skila 164, sýslumennirnir voru 18 eins og áður. Eftirlitið framkvæmt af landritara einum og til að endurskoða reikningana er sem svarar tveim mönnum. Innheimtan hefir tuttugfaldast eftir 1875, en stórum dregið úr eftirlitinu. Því er ekki að leyna, að fleiri reikningum seinkar nú en áður, enda stendur sjaldan steinn yfir steini óhreyfður lengi í skattheimtu löggjöfnni. Viðfangsefnin fyrir innheimtuna eru ný eftir hvert þing, þótt aldrei hafi kveðið eins að breytingunum og á þinginu 1912, enda kvarta allir sýslumenn undan innheimtunni á vörutollinum, og hver byrðarauki hún sje fyrir þá. Í vetur og vor voru það vörutollsreikningarnir, sem komu síðast frá sýslumönnum.

Til þess að innheimta reikningana 1913, var 12. mars í vetur símað til 14 sýslumanna eftir 50 reikningum. 13. mars var símað til 7 sýslumanna eftir 7 kirkjujarðareikningum, sem vantaði. 7. apríl var enn símað til 8 sýslumanna eftir 9 reikningum, sem vantaði enn þá. Allir reikningarnir eru nú komnir fyrir löngu, nema einn kirkjujarðareikningur. Yfirleitt komu vörutollsreikningarnir síðast, og eins fyrir því þótt peningarnir væru greiddir í landssjóð. Það eru töluverðir erfiðleikar á að semja þá. Þegar reikningarnir komu 1913, var jafnframt borgað fjeð, sem eftir þeim átti að greiðast, nema c. 2000 kr. úr dánarbúi sýslumanns fyrir norðan, og 1—200 kr., sem eru í óvissu úr annari sýslu.

3. Fyrsta lið er svarað áður; en síðustu tvö ár hefir stjórnarráðið símað til margra sýslumanna um að greiða í landssjóð það, sem þeir hefðu innheimt 1. apríl og 1. júlí. Að sýslumenn haldi opinberum innheimtum, og einstakra manna fje út frá sínu eigin, má telja áreiðanlegt um alt land. Eftirlitsferðir stjórnar-

ráðsins hafa verið taldar svo eftir af yfirskoðunarmönnum Alþingis, að þær eru ekki farnar, nema þegar hætt er við að eitthvað sje að, en þó eru heimsóttir þeir gjaldheimtumenn, sem liggja í leiðinni, þó að ekkert sje að óttast um þá.

F. h. r.

e. u.

Indr. Einarsson.

Til

hr. alþingism. sjera Sigurðar Stefánssonar.

Fylgiskjal III.

Með brjefi, dags. 22. þ. m., hefir háttvirt nefnd, sem efri deild hefir skipað til þess að athuga tillögu til þingsályktunar um reikningskil og fjárheimtur fyrir landssjóðinn og sjerstaklega tollgæslu, beiðst umsagnar minnar um brjef stjórnarráðsins 20. s. m.

Við brjef þetta hefi jeg ekkert verulegt að athuga, en jeg skal þó leyfa mjer að bæta eftirfylgjandi athugasemdum við það útaf fyrirspurnum nefndarinnar í brjefi 17. þ. m., er nefnt brjef stjórnarráðsins var svar upp á.

að 1. Allir sýslumenn og bæjarfógetar, sem jeg hefi skoðað hjá, halda bækur þær, sem nefndin spyr um. Tollbækurnar og útflutningsgjaldsbókin hafa yfirleitt verið færðar reglulega, nema hjá einum sýslumanni, sem nú er ekki lengur í embætti. Þó skal þess getið, að í þeim sýslum, sem margir verslunaraðir eru, hlýtur alltaf að líða nokkur tími þangað til búíð er að fá nákvæma skýrslu um tollupphæð af hverju skipi, og því ekki að búast við, að allur tollur sje innfærður þegar skoðun er gerð, en hver sýslumaður heldur privat tollbækur, svo með því að skoða þær, er þó alltaf hægt að sjá, hve mikið er innborgað af tolli, sem ekki er búíð að innfæra í tollbækurnar, sjeu þessar privatbækur rjett færðar. Einstaka sýslumaður hefir fyrst fært öll skipin inn í bækurnar í lok hvers ársfjórðungs, en honum hefir verið uppálagt að færa skipin inn jafnskjótt og hann var búinn að gera upp allan tollinn.

Aukatekjubækurnar voru hjá gjaldheimtumönnum færðar yfirleitt nákvæmlega og daglega innfært í þær, það sem landssjóði bar, svo við þær hefi jeg aldrei haft neitt verulegt að athuga, þó hefir það komið fyrir, hjá einum sýslumanni, að það vantaði að innfæra uppboðsgjöld og afgreiðslugjald eins skips, en það var engin ástæða til að ætla, að það hafi verið gert í þeim tilgangi að draga sjer fjed, heldur var það eftirgangsleysi að kenna. Þar sem jeg hefi skoðað hefi jeg ætið borið saman við aukatekjubókina, veðmálabækur, skiftabækur, dómsmála, fógeta, notarial og uppboðsbækur, en að öðru leyti en þessu er ekki auðgert að gjörreyna aukatekjubókina.

Gjaldabækur þær, sem umræðir í 12. gr. reglug. 13. febr. 1873, eru yfirleitt lakast færðar. Eftir reglugerðinni á að rita í þær, það sem sýslumanni er

galdið sem skiftaráðanda, uppboðshaldara og yfirfjárráðanda, og er það því skilið svo, sem ekki beri að innfæra í þessar bækur aðrar upphæðir, þó þær sjeu eins opinbers eðlis og hinar fyrnefndu tekjur. Það hefir því komið fyrir, að alls ekkert hefir verið fært inn í þessar bækur, af því að hlutaðeigandi sýslumenn segjast ekki hafa haft neitt skiftafje, uppboðsfje eða arf ómyndugra undir höndum, og það hefir ekki verið hægt að sjá annað en að það hafi verið rjett. Sumir sýslumenn eru aldrei innheimtumenn við lausafjáruppboð, og skiftafje stendur því venjulega inni hjá innheimtumanni þangað til skifti fara fram, og þá er ómyndugrafjeð venjulega strax sett á vöxtu í sparisjóði. Það er því áreiðanlegt, að *oftast* kemur *ekkert* af þessu fje í hendur þessara sýslumanna. *Stundum* kann það þó að vera í þeirra vörslum stutta stund, en af því þeir búast við að greiða það fljótlega af hendi og gera það líka, þykir þeim ekki taka því að innfæra það í bækurnar. Þetta er þó ekki rjett, og því hefi jeg þrífaldlega ámint þá um, að færa hverja þá upphæð inn, sem kæmi í þeirra hendur, hve stutt sem hún væri þar.

Einstöku sýslumenn hafa aftur á móti skilið þýðingu bóka þessara þannig, að í þær ætti að innfæra alt það fje, sem þeir tækju við í embættisnafni, svo sem peningasendingar frá stjórnarráðinu, t. a. m. styrk til búnaðarfjelaga, sundkenskustyrk o. s. frv., eða frá öðrum sýslumönnum, t. a. m. endurgoldinn sveitarstyrkur. Þetta virðist alveg rjett, og sjeu bækurnar nákvæmlega færðar, sem þær eru hjá þessum sýslumönnum, þá er ljett eftirlit með þessu fje.

að 2. Það hefir allajafnan verið gengið talsvert strangt eftir því, að reikningarnir kæmu í tæka tíð, og að því er reikningana fyrir síðastliðið ár snertir, hefir verið gengið mjög strangt eftir þessu, eins og brjef stjórnarráðsins 20. þ. m. sýnir. Að vörutollsreikningarnir nú í fyrsta sinni komu í seinna lagi er ekki nema alveg eðlilegt. Að öðru leyti er í stjórnarráðinu haldin bók, er sýnir nær reikningar úr hverri sýslu koma, og er hún nefndinni til sýnis.

að 3. Jeg hef ekki orðið annars var, en að sýslumenn, þeir sem jeg hefi skoðað hjá, hafi haldið opinberu og öðru fje, sem var í þeirra vörslu sem embættismanns, út af fyrir sig.

Jeg hefi gert eftirlit hjá öllum sýslumönnum og bæjarfógetum, nema í 1) Skaftafellssýslu, 2) Kjósar- og Gullbringusýslu, 3) Snæfellsnessýslu, 4) Dalasýslu, 5) Barðastrandarsýslu, 6) Ísafjarðarsýslu og 7) Eyjafjarðarsýslu. Í síðasttaldri sýslu hefi jeg aldrei formlega skoðað, en jeg hefi þó skoðað bækur þar, meðan jeg hefi dvalið á Akureyri, einkum árin 1908 og 1910, og ekki orðið annars var en að alt væri í lagi. Í sýslunum nr. 3, 5 og 6 hefir skrifstofustjóri Eggert Briem skoðað og í nr. 4 þáverandi skrifstofustjóri Jón Magnússon. Auk þess fór ráðherra Björn Jónsson árið 1910 sjerstaka rannsóknarferð í Dalasýslu, Strandasýslu, Húnavatnssýslu, Skagafjarðarsýslu og Eyjafjarðarsýslu.

Fjórum sinni hefi jeg farið skoðunarferð til sýslumanna, af því reikningsfærsla og önnur embættisfærsla þótti grunsöm og einu sinni fór Jón Magnússon slíka ferð. En annars hefir verið skoðað eftir því, sem tækifæri héfir verið til, stundum í sambandi við aðrar ferðir, svo sem úttekt Hóla 1907. Þegar stjórnarráðið var stofnað, var það tilætlunin að skoðun færi fram árlega, en það kom brátt í ljós, að upphæð sú, sem veitt var til eftirlitsferða, fyrst framan af 1000 kr. árlega og síðan 1500 kr., hvergi nærri hrökk til handa stjórnarráði, biskupi og

landlækni. Bæði af þessari ástæðu og fyrir eftirtölur endurskoðunarmanna, hefir stjórnarráðið orðið útundan.

Að endingu skal það tekið fram, að árið 1913 var gamla reglugerðin um reikningsskil tekin til gagngerðrar endurskoðunar í stjórnarráðinu og miklu strangari ákvæði sett um öll skil en áður og strangara eftirlit. Hin nýja reglugerð má heita fullbúin, og mun geta komið í gildi á næsta hausti.

Fylgiskjalið endursendist.

Reykjavík, 25. júlí 1914.

Virðingarfylst

Kl. Jónsson.

Til

nefndar efri deildar Alþingis, er sett hefir verið til þess að athuga tillögu til þingsályktunar um reikningsskil og fjárheimtu fyrir landssjóðinn og sjerstaka tollgæslu.

Fylgiskjal IV.

PÓSTSTOFAN Í REYKJAVÍK

Reykjavík 24. júlí 1914

Með brjefi dags. 22. þ. m. hefir hin háttvirta nefnd beiðst skýrslu minnar um það:

1. hvort fyrirmælum 7. gr. tolllaganna 11. júlí 1911, um böggulsendingar frá útlöndum, sje nákvæmlega fylgt af póstmönnum og
2. hvort tiltækilegt sje að veita póstmönnum heimild til að rannsaka böggulsendingar, ef þeim þyki grunsamt að þær hafi inni að halda tollskyldar vörur.

Fyrri spurningunni skal svarað á þá leið, að mjer er eigi annað kunnugt, en að nefndri lagagrein hafi verið fylgt af póstmönnum svo nákvæmlega, sem fõng eru á, enda engar kvartanir komið fram frá lögreglustjórunum um það, að þar hafi verið áfátt í neinu, en það mun þó oft hafa komið fyrir, að drengskapar og samviskuvottorð, þau sem viðtakendur útlendra böggla gefa póstmönnum, taka eigi beint fram, hve mikið sje í þeim af tollskyldri vöru, heldur að eins. tilgreint, hvort í þeim sje tollskyld vara eða ekki, því að viðtakendur geta sjaldan sagt nákvæmlega til um innihaldið, fyrr en þeir hafa rannsakað það.

Hin nánari vottorð um innihaldið hafa viðtakendur svo gefið, eftir að þeir hafa átt kost á að rannsaka það, líklega oftast beint til lögreglustjóra, af því að póstmenn hafa eigi álitid sjer skylt að hafa eftirlit með áreiðanlegleik þeirra.

Síðari spurningunni get jeg svarað þannig, að jeg sje ekkert því til fyrir-
stöðu að póstmönnum sje veitt heimild til að rannsaka grunsamar böggulsending-
ar, um leið og þær eru afhentar.

Jeg veit til að slik rannsókn hefir verið gerð, auðvitað með samþykki
viðtakanda. Sjerstaklega gæti sú heimild komið sjer vel, þegar viðtakandi er fjar-
verandi, eða á heimili langt í burtu, og annar kemur í hans stað, til að sækja
böggulinn, án þess að geta vottað neitt um innihaldið.

Virðingarfylst

S. Briem.

Til

nefndar þeirrar í efri deild Alþingis, sem hefir til athugunar tillögu til þings-
ályktunar um reikningsskil og fjárheimtur fyrir landssjóðinn, og sjerstaka tollgæslu.